

**Setningarræða Búnaðarþings 2018, flutt í Súlnasal Hótel Sögu
mánudaginn 5. mars**

Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands

Forseti Íslands, forsætisráðherra, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,
kæru vinir og samherjar frá Færeyjum, Finnlandi og Noregi,
búnaðarþingsfulltrúar og aðrir góðir gestir.

Inn milli fjallanna hér á ég heima,
hér liggja smaladrengsins léttu spor.
Hraun þessi leikföng í hellunum geyma,
hríslan mín blaktir enn í klettaskor.
Við þýðan þrastaklið
og þungan vatnanið,
æska mín leið þar sem indælt vor.

(Guðmundur Magnússon)

Margir geta tengt sjálfan sig við stemninguna sem hérna er lýst í kvæði
Guðmundar Magnússonar, sem þekkur var undir skáldaheitinu Jón Trausti.

Hvar sem við uxum úr grasi eigum við öll tengsl við sveitina, bara
misjafnlega langt aftur. Margir hugsa með gleði til sveitalífsins, rifja upp
góðar stundir fyrri ára, úti í haga eða annars staðar í íslenskri náttúru. Hin
einstaka upplifunin að setjast á þúfu í sumarblíðunni og segja „hér á ég
heima“.

Almenningi í landinu er hlýtt til bænda og vilja blómlegar sveitir og lifandi
landbúnað. Ekkert af því er þó sjálfgefið. Það þarf ákveðnar forsendur,
sanngjörn starfsskilyrði og skilning á því að við erum fámenn þjóð í stóru
landi. Við verðum að gæta að innviðunum og grunnþjónustu í byggðunum.
Við viljum blómlegt og margþætt samfélag, sem byggir á landbúnaði,
sjávarútvegi, ferðaþjónustu og fjölmörgu öðru. Fjölbreyttar stoðir búa til
sterkari byggðir, öllum sem þar búa til hagsbóta.

Þegar nefnd eru sanngjörn starfsskilyrði, er margt sem brennur á bændum
um þessar mundir.

Eitt af því er staða tollverndar í landbúnaði. Nú er hún með þeim hætti að stjórnvöld hafa fellt niður tolla (stundum einhliða) á öllum vörum nema matvörum sem jafnframt eru framleiddar hér innanlands. Um ekkert annað er því að semja ef til stendur að gera fríverslunarsamninga við aðrar þjóðir.

Tollvernd er mikilvægur hluti af landbúnaðarstefnunni og gera verður kröfu til þess að hún skili árangri þar sem henni er beitt. Tollar eru að hluta til föst krónutala. Upphæðir hafa í mörgum tilvikum ekki breyst í meira en 20 ár og þar af leiðandi rýrnað verulega að verðgildi. Hátt gengi krónunnar undanfarin misseri kemur síðan þar til viðbótar. Verndin er því bitlaus og nær ekki þeim markmiðum sem hún þarf að ná.

Vissulega taka sumir tollar einnig mið af innflutningsverði en það er fjarri því almenn regla. Tollum er ætlað að jafna samkeppnisstöðu miðað við þær framleiðsluáðstæður sem eru fyrir hendi en nú er það ekki raunin. Fara þarf yfir álagningu tolla í heild og tryggja að þeir skili því sem þeim er ætlað.

Þá verður að nefna gildistöku tollasamnings við ESB sem undirritaður var í september 2015. Samningurinn tekur gildi 1. maí nk. en verður að fullu kominn til framkvæmda í byrjun árs 2021. Kvótar ESB fyrir tollfrjálsan innflutning hingað til lands munu fimmfaldast á tímabilinu, en kvótar Íslands á markað ESB munu á sama tíma ríflega þrefaldast.

Stjórnvöld settu á fót starfshóp sem skilaði tillögum um viðbrögð við áhrifum samningsins, en þær tillögur virðast hafa stungist djúpt í skúffur ráðuneytisins. Þær hafa að minnsta kosti, lítt eða ekki komist til framkvæmda. Það verður að breytast. Það þarf að taka tillit til hagsmuna heildarinnar, ekki bara hagsmuna heildsala, sem æði oft eru dulbúnir sem hagsmunir neytenda.

Kæru gestir.

EFTA-dómstólinn kvað upp dóm í nóvember síðastliðnum að gildandi skilyrði fyrir innflutningi á hráu kjöti, ógerilsneyddri mjólk og eggjum væri brot á EES-samningnum. Þessi skilyrði voru tekin upp þegar íslensk stjórnvöld innleiddu matvælalöggjöf Evrópusambandsins árið 2009. Málið spratt upphaflega af kvörtun Samtaka verslunarinnar til ESA 2011. Við meðferð þess lögðu íslensk stjórnvöld fram margvísleg gögn þess efnis að takmarkanirnar sem deilt var um væru eðlilegar með vísan til 13. greinar EES-samningsins. Hún

fjallar um heimild til takmörkunar á viðskiptafrelsi í því skyni að vernda heilsu manna og dýra.

Niðurstaða dómstólsins var eftir sem áður að taka með engu mið af 13. greininni í niðurstöðunni. Talið var að hún ætti ekki við.

Niðurstaða sem þessi veldur verulegum áhyggjum af því hvort að EES-ríkin séu raunverulega á jafnréttisgrundvelli gagnvart Evrópusambandinu. Í sáttmála ESB eru sambærilegar heimildir og 13. grein EES-samningsins sem ekki hefur verið hnekt. Þessi staða er verulegt umhugsunarefni fyrir stjórnvöld og fyllsta ástæða til að ræða við Evrópusambandið um raunverulega þýðingu þessara varnagla. Að óbreyttu virðast þeir lítils virði.

Vísindamenn hafa bent á að afnám ofangreindra takmarkana muni þýða verulega aukna áhættu á ýmsum sviðum fyrir heilsu manna og dýra.

Þau varnaðarorð verða ekki endurtekin hér í löngu máli. Megináhættan er sú, hvað varðar heilsu manna, að matarsýkingum muni fjölga og hingað berast bakteríur sem eru ónæmar fyrir sýklalyfjum. Það er staðreynd að hér gilda strangari skilyrði fyrir markaðssetningu afurða en annars staðar á EES-svæðinu ef matarsýkingar koma upp. Okkar árangur í baráttu við kampýlóbakttersýkingar er talinn öfundsverður. Regluverk ESB gerir ráð fyrir að hægt sé að fá sérstakar viðbótartryggingar vegna salmonellu og þær hafa Svíþjóð, Finnland og Danmörk fengið. Sjálfsgætt er að óska eftir þeim líka, en ekkert slíkt er í boði vegna kampýlóbakter. Það er einfaldlega ekki í regluverki ESB, en þær sýkingar eru algengustu matarsýkingar í Evrópu.

Um hættuna sem stafar af sýklalyfjaónæmi þarf ekki að hafa mörg orð. Þetta er eitt alvarlegasta heilbrigðisvandamál í heiminum í dag. Samkvæmt gögnum frá Lyfjastofnun Evrópu fyrir árið 2015 er sýklalyfjanotkun í landbúnaði í Evrópu allt upp í 88 sinnum meiri en hér á landi, þar sem hún fer hæst.

Hvað varðar heilsu dýra þá er ekki ágreiningur um að innlendir búfjárstofnar hafa búið við langa einangrun og hafa aldrei komist í snertingu við smitefni margra búfjársjúkdóma sem eru landlægir í Evrópu og víðar. Berist smit hingað er því líklegt að það geti valdið miklu tjóni með ófyrirséðum afleiðingum. Íslenskur landbúnaður hefur ekki aðgang að neinum tryggingasjóði vegna tjóns af völdum búfjársjúkdóma, eins og er fyrir hendi innan ESB.

Í umræðu um þessi mál hefur verið deilt um hversu áhættan sé mikil. Um það er hins vegar ekki deilt að hún verður meiri en hún er í dag. Því ræður miklu hver næstu skref stjórnvalda verða.

Bændasamtökin telja þann kost í stöðunni að tafarlaust verði óskað verði eftir viðræðum við Evrópusambandið um þetta mál. Staða okkar gerir einfaldlega kröfu um að látið verði reyna á hvort við getum haldið núgildandi löggjöf áfram í gildi með samningum þess efnis. Full rök standa til þess þó að EFTA-dómstóllinn hafi því miður ekki tekið tillit til þeirra. Rétt er að rifja upp að við innleiðingu matvælalöggjafar ESB fór fram umfangsmikil fagleg umræða um efni hennar. Lokaafgreiðslan fór fram í ágætri sátt á Alþingi. Nú hefur EFTA-dómstóllinn hins vegar gert þá sátt að engu.

Sú staða hlýtur að hafa í för með sér að íslensk stjórnvöld bregðist við henni pólitískt ef lagaleg viðbrögð duga ekki til. Bændur telja forgangsmál að íslensk stjórnvöld láti á það reyna gagnvart ESB hvort þau hafi raunverulegt vald á því að tryggja heilsu manna og dýra með innlendra löggjöf. Það er sannarlega uggvænleg staða ef svo er komið að það sé ekki lengur hægt og vekur upp margar alvarlegar og stórar spurningar um hvert vald íslenskra stjórnvalda er í raun. Er sjálfsákvörðunarréttur þjóðarinnar alveg horfinn og réttur til að stýra eigin málum? Við hljótum að spyrja okkur að því.

Bændur munu hvergi kvika í þessu máli. Á vettvangi BÍ er nú í vinnslu margháttuð greiningarvinna með aðstoð bæði innlendra og erlendra ráðgjafa til að leita mögulegra lausna. Þessari baráttu er alls ekki lokið!

Ágæta samkoma.

Erfið staða í sauðfjárræktinni hefur litað alla umræðu um landbúnað síðustu misseri. Allt frá því í mars 2017 áttum við ásamt forsvarsmönnum sauðfjárbænda í viðræðum við stjórnvöld um lausnir til að takast á við vanda greinarinnar. Þar sem ekki var vilji af hálfu stjórnvalda til inngripa í lambakjötsmarkaðinn, náðist ekki samstaða milli bænda og ríkis. Niðurstaðan var að þáverandi landbúnaðarráðherra lagði fram einhliða tillögur stjórnvalda. Þær tillögur náðu ekki fram að ganga eftir að ríkisstjórnin sprakk. Ný ríkisstjórn hefur þegar stutt við bændur með 665 milljón króna framlagi vegna tekjuskerðingar. Fyrir það ber að þakka, í því fólst skilningur og viðurkenning á erfiðri stöðu greinarinnar. Bændur voru hinsvegar misjafnlega sáttir við útdeilingu fjármunanna og fannst óþarfi að mismuna þeim, sem allir lentu í svipuðu tekjutapi.

Það virðist eitthvað dýpra á efndum á frekari aðgerðum til að treysta stöðu sauðfjárræktarinnar til lengri tíma, þrátt fyrir góðan vilja í aðdraganda kosninga og orð þess efnis í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar. Nauðsynlegt er að finna leiðir til að afurðastöðvar geti staðið sameiginlega að útflutningi á tilteknu magni lambakjöts. Slíkur fyrirsjáanleiki er mikilvægur til að sjá fyrir hvert stefni með afurðaverð fyrir haustið 2018. Það þarf að vera ljóst fyrr en síðar, áður en gengið er frá skipulagningu fóðuröflunar sumarsins. Við munum ótrauð halda áfram samtalinu við stjórnvöld um lausnir til lengri tíma. Það er alveg ljóst að greinin þarf að ná fyrri styrk ef ekki á illa að fara. Sauðfjárræktin er fjölmennasta greinin í íslenskum landbúnaði og hefur sem slík oft verið kölluð límið í byggðunum. Við vitum hvað gerist ef límið gefur sig og svo má ekki fara.

Loftslagsmálin eru ofarlega á baugi í allri umræðu um þessar mundir. Það er vaxandi þungi í umræðu um þessi mikilvægu mál í samfélaginu og bændur vilja sannarlega gera sig þar gildandi og leita lausna. Núverandi ríkisstjórn hefur sett sér það markmið að gera Ísland kolefnishlutlaust árið 2040. Það er ekkert skrítið. Það sama er að gerast um allan heim enda eru loftslagsbreytingar eitt stærsta vandamál sem mannkynið fæst við nú um stundir. Hlýnun jarðar og sviptingar í veðurfari ógna lífsskilyrðum fjölda fólks og flestir leiðtogar í veröldinni eru sammála um að aðgerðir geta ekki beðið lengur. Samfélagið allt á Íslandi þarf að vera hluti af lausn þessara mála, þar með talið landbúnaðurinn.

Hins vegar má það ekki verða þannig að sú lausn verði bundin við eina töfralausn, það er að moka ofan í skurði og láta svo gott heita. Það þarf víðtækari hugarfarsbreytingu. Umræðan héraendis hefur þróast í þá átt að það eigi helst að horfa á skurðina enda séu þeir að valda langmestri losun gróðurhúsalofttegunda. Það skal ekki dregið í efa að losun frá framræstu landi getur verið veruleg og vissulega var mikið af landi ræst fram á árum áður.

Landið okkar er stórt og náttúrufar um margt ólíkt milli svæða. Til að ná betur utan um þetta þurfum við bæta rannsóknir og afla meiri gagna. Það hlýtur að vera munur á losun eftir ástandi skurða. Losun getur ekki verið sú sama frá nýframræstu landi og því sem var ræst fram 1950 með margfalt minni tækjum og með skurðum sem aldrei hafa verið hreinsaðir.

Með þessu er alls ekki dregið úr því að endurheimt votlendis geti verið verulegur hluti af lausn Íslands í loftslagsmálum. En við þurfum einfaldlega að setja mun meiri kraft í að bæta þau gögn sem núna eru notuð til að áætla losun frá framræstu landi. Það verður líka að nýta öll önnur verkfæri sem eru fyrir hendi. Það þarf að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis og auka notkun endurnýjanlegrar orku. Það þarf að minnka sóun og það þarf að auka landgræðslu og skógrækt. Þetta er allt nauðsynlegur hluti af því að minnka losun og auka bindingu.

Bændur hafa þegar bundið verulega mikið kolefni í gegnum þátttöku sína í *Bændur græða landið* og í bændaskógrækt. Umfang þess hefur ekki verið reiknað en það hófst löngu fyrir tíma kolefnisbókhaldsins.

Það er hins vegar ekki aðalatriðið heldur það að lausnir í loftslagsmálum geta ekki skilað árangri nema að samfélagið allt taki þátt.

Ágætu gestir

Við sem samfélag þurfum einnig að horfa á málin í stærra samhengi. Hljóð og mynd þarf að fara saman eins og sagt er. Hvað á ég við með því?

- Á sama tíma og við tölum um mikilvægi þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda er rekinn harður áróður fyrir því auknum innflutningi á mat, með tilheyrandi auknu sótspori. Fer það saman?
- Við viljum að laun og önnur réttindi héraðs séu í samræmi við kjarasamninga. Spyrjum við um kjör og aðbúnað þeirra sem framleiða vörurnar sem við flytjum inn? Spyrjum við um velferð dýranna? Spyrjum við um varnarefna- og lyfjanotkun við framleiðsluna? Eða hugsum við bara um verðið.
- Á sama tíma og neytendur eru að verða meðvitaðri um mikilvægi uppruna, matvælaöryggis og sýklalyfjaónæmis, þar sem við Íslendingar erum í fremstu röð, eru lýðheilsa og búfjárheilsa sett í uppnám með tilskipunum frá ESB. Hvað er það?
- Á sama tíma og kaupmáttur eykst stórlega, sala á lúxusbifreiðum slær öll met, enginn er maður með mönnum nema eiga 100 þúsund króna snjallsíma, landinn sólar sig á Tenerife eða skíðar í Madonna di Campiglio, heyrast enn frasar um að íslenskar landbúnaðarvörur séu allt of dýrar. Er þetta alveg sanngjarnt?

Matur virðist aldrei mega kosta neitt. En ég held að við séum hins vegar öll meðvituð um að það kostar að framleiða gæðavörur.

Auðvitað er það okkar verk að sannfæra neytendur um stöðu okkar. Eins og ég sagði í upphafi þá er almenningur mjög velviljaður bændum þó að í dægurmálaumræðunni gangi margt á.

Íslenskir bændur vilja ekki annað en að framleiða úrvalsvörur fyrir íslenska neytendur við sanngjörn starfsskilyrði.

Ég hef trú á því að við séum á réttri leið. Við þurfum að byggja á því að upplýsa enn betur. Við þurfum að segja okkar sögu og gera það sjálfsagt í hugum neytenda að gera kröfu um að uppruni og framleiðsluhættir liggi alltaf fyrir. Það er samkeppni á sama velli.

Það er skýr vilji neytenda að upprunaland matvöru eigi að koma fram. Í nýrri könnun gerð var fyrir Markaðsráð kindakjöts kom í ljós að nær 97% svarenda telja að gera eigi grein fyrir uppruna matvara í verslunum. Og þrír af hverjum fjórum telja að svo eigi einnig að vera í veitingahúsum og mötuneytum.

Það má vel færa fyrir því rök að það séu engin hagfræðileg skynsemi fyrir því að halda úti samfélagi hér á eyju við ysta haf, fátt fólk í stóru landi með rýsjóttu veðri, óstöðugu verðlagi og miklum vegalengdum.

En staðreyndin er hins vegar sú að við höfum sameiginlega valið okkur að búa hér og mynda samfélag.

Hér eigum við heima.

Búnaðarþing 2018 er sett.